



Kæru dönskukennarar

Fréttabréf febrúar 2016

Aðalfundur

Minum á aðalfund FDK sem haldinn verður mánudaginn 22. febrúar n.k. kl. 20:00 í kennarahúsinu við Laufásveg.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Kaffi og konfekt meðan á fundi stendur.

Stjórnin minnir á

Fyrir skömmu sendi stjórn FDK svarbréf Mennta- og menningarmálaráðuneytisins til STÍL til félagsmanna sinna, skólastjórnenda á grunn- og framhaldsskólastigi og til skólaskrifstofa á landinu.

Í bréfinu svarar ráðuneytið ábendingum sem STÍL, samtök tungumálakennara, sendi Mennta- og menningarmálaráðuneytinu í júní 2015, varðandi skerta möguleika á vali á þriðja tungumáli í framhaldsskóla og tímafjöldu og stöðu nemenda í ensku og dönsku við lok grunnskóla.

Frá stjórninni

Þátttaka á viðburði félagsins hefur verið með minna móti undanfarið og eins og félagsmenn eflaust muna varð jólahlaðborðið t.a.m. að víkja þessa aðventuna.

Þetta er umhugsunarefni og því vill stjórnin kanna hug félagsmanna og væntingar til félagsins.

Undanfarin ár hefur FDK staðið fyrir fræðslufundi í marsmánuði fyrir félagsmenn.

Í ár hagar þannig til að páskar eru snemma. Eftir páskafri líður tíminn hratt og farið er að huga að námsmati.

Því hefur stjórnin ákveðið að blása ekki til fræðslufundar að þessu sinni, heldur gera vandaða könnun sem send verður til félagsmanna á vordögum.

Ætlunin er að kanna hug og hugmyndir félagsmanna um starfsemi FDK og taka mið af niðurstöðunum.

Danska spennuþáttaröðin **BEDRAG** hóf göngu sína á nýju ári á sjónvarpsstöðinni DRI.

Þættirnir eru spennandi og halda áhorfandanum við efnið.

Þeir sem ekki hafa fylgst með þáttunum geta ennþá séð þá frá byrjun á <https://www.dr.dk/tv/soeg/bedrag>

Bestu kveðjur, stjórnin

Ábyrgðarmaður: Margrét Karlsdóttir
margret@hvaleyarskoli.is